

## GJALDSKRÁ

### fyrir hundahald á Akranesi.

#### 1. gr.

Af hundum á Akranesi skal bæjarsjóður Akraneskaupstaðar innheimta gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari, sem er ætlað að standa undir kostnaði við framkvæmd samþykktar um hundahald á Akranesi, nr. 782/2010, sbr. 11. gr. hennar.

#### 2. gr.

Við umsókn um skráningu hunds skal innheimta gjald sem hér segir:

- |  |            |
|--|------------|
| a) Skráning  | kr. 13.080 |
| b) Skráning eftir útrunninn frest, sbr. 1. mgr. 3. gr. samþykktar um hundahald | kr. 16.350 |

#### 3. gr.

Af skráðum hundum skal innheimta árlegt eftirlitsgjald sem hér segir:

- |  |            |
|--|------------|
| Fyrir hvern hund   | kr. 16.350 |
| Fyrir hvern hund þegar eigandi hefur lokið námskeiði sbr. 7. gr. | kr. 11.445 |
- Ekki skal innheimta eftirlitsgjald sama ár og hundur er skráður.

#### 4. gr.

Greiðsla fyrir ábyrgðartryggingu er innifalin í gjaldi samkvæmt 2. gr. a og 3. gr. svo og árleg ormahreinsun.

#### 5. gr.

Við afhendingu handsamaðs hunds skal innheimta handsömunargjald sem hér segir:

- |  |            |
|--|------------|
| Fyrsta afhending hunds                                   | kr. 16.350 |
| Önnur afhending hunds, innan tveggja mánaða frá fyrstu   | kr. 21.800 |
| Þriðja afhending hunds, innan tveggja mánaða frá annarri | kr. 27.250 |

Að auki skal greiða þann kostnað sem leggst á vegna dvalar eða geymslu viðkomandi hunds. Óskráða hunda má ekki afhenda fyrr en að lokinni skráningu og greiðslu skráningargjalds og annars áfallins kostnaðar.

#### 6. gr.

Gjalddagi skv. 3. gr. er 1. mars og eindagi 1. apríl. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga.

Um innheimtu gjalda fer samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, með síðari breytingum. Gjöld samkvæmt gjaldskránni má innheimta með fjárnámi.

Við afskráningu hunds ber að endurgreiða árlegt gjald í réttu hlutfalli við þá mánuði sem eftir lifa af árinu.

#### 7. gr.

Hafi leyfishafi lokið grunnnámskeiði í hundauppeldi viðurkenndu af framkvæmdastofu Akraneskaupstaðar lækka gjöldin skv. 3. gr. gjaldskrár þessarar um 30%.

Eigendur blindra-, leitar- og björgunarhunda eiga rétt á niðurfellingu gjalda samkvæmt 2. og 3. gr., enda leggi þeir fram skilríki um að hundarnir séu notaðir í þeim tilgangi.

#### 8. gr.

Ofangreind gjaldskrá bæjarstjórnar Akraneskaupstaðar staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, samanber samþykkt um hundahald á Akranesi, nr. 782/2010, til að öðlast gildi þegar við birtingu.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir hundahald á Akranesi, nr. 973/2010.  
Samþykkt í bæjarstjórn Akraneskaupstaðar 17. janúar 2012.

*Akranesi, 17. janúar 2012.*

**Árni Múli Jónasson** bæjarstjóri.

---

B-deild – Útgáfud.: 3. febrúar 2012